Metfjárfestingar í mótbyr

Samantekt um fiskeldi á Íslandi 2025



Fyrirtækjaráðgjöf PwC

Nóvember 2026



Um samantektina

PwC hefur tekið saman ýmsar upplýsingar úr ársreikningum 10 valinna fyrirtækja sem stunda fiskeldi á bæði sjó og landi á Íslandi fyrir tímabilið 2022 - 2025. Val fyrirtækjanna sem eru til skoðunar byggir aðallega á stærð með tilliti til veltu og áætlaðri framleiðslugetu. Yfirlit um fyrirtæki er að finna í töflu að neðan.

Þrjú stærstu fiskeldisfyrirtækin hér á landi eru öll skráð félög. Kaldvík og Arnarlax eru skráð á First North markaðinn á Íslandi og á markað í Noregi, en Arctic Fish er skráð á markað í Noregi.

Tilgangur skýrslunnar er að gefa lesendum heildstæðan samanburð á rekstri og arðsemi fyrirtækjanna.

Ekki er verið að greina frá öllum þeim fyrirtækjum sem kunna að vera í eldisrekstri. Upplýsingarnar sem fengnar eru úr ársreikningum félaganna gætu náð yfir aðra starfsemi.

Fyrirtækin

	Framleiðsla 2025 (tonn)	Tekjur 2025 (m.kr.)
Arctic Fish Holding AS	14.791	12.922
Arnarlax (Icelandic Salmon AS)	12.671	13.013
Kaldvík hf.	17.105	16.550
Háafell ehf.	2.833*	3.942
Samherji fiskeldi ehf.	5.809	5.401
First Water hf.	-**	579
Laxey ehf.	518	1.015
Thor landeldi ehf.	-	-
Geo Salmo hf.	-	8
Matorka ehf.	1.425	1.523
	55.152	**54.954**

** Afleidd stærð*
*** Óbirt*

Árið 2025 var erfitt ár í fiskeldi


Árið 2025 reyndist fiskeldisfyrirtækjum á Íslandi erfitt. Sögulegt verðhrun á heimsmarkaði fyrir eldisafurðir, þar sem viðmiðunarverð á laxi féll umtalsvert milli ára, hafði veruleg áhrif á afkomu greinarinnar, þrátt fyrir að slátrað magn ykist um 20% á milli ára.

Samanlagt tap þeirra tíu fyrirtækja sem samantektin nær til nam 17,4 milljörðum króna á árinu, og EBITDA framlegð félaganna varð í fyrsta sinn í mörg ár neikvæð, samtals um 9 milljarða króna.

Þrátt fyrir erfitt ár í afkomu er undirstaða greinarinnar traust. Eigið fé fyrirtækjanna tíu nam samanlagt 149 milljörðum króna í árslok, sem endurspeglar áframhaldandi trú fjárfesta á greininni. Fjárfesting síðustu fjögur ár nemur 109 milljörðum króna, og horfur eru á að sú uppbygging haldi áfram, ekki síst í landeldi þar sem mörg verkefni eru enn í uppbyggingu.

Frá árinu 2015 hefur útflutningsverðmæti eldisafurða vaxið úr 7,0 milljörðum króna upp í 53,4 milljarða. Þetta jafngildir 22,5% árlegum meðalvexti (e. CAGR) á tímabilinu.

Útflutningsverðmæti eldisafurða (m.kr.)




Heimild: Hagstofan

Sveiflur eru í tekjum á milli ára

Árið 2025 námu rekstrartekjur fyrirtækjanna sem samantektin nær til alls 55,0 milljörðum króna samanborið við 55,8 milljarða króna árið áður. Á árinu 2025 lækkuðu samanlagðar heildartekjur fyrirtækjanna lítillega þar sem einstaka rekstraraðilar hafa lent í áföllum í framleiðslu.

Í grafinu að neðan má sjá rekstrartekjur í milljónum króna fyrir fjárhagsárin 2022-2025. Sveiflur í tekjum fyrirtækja sem eru með sjókvíaeldi geta verið töluverðar enda reksturinn háður utanaðkomandi breytum eins og veðurfari og hitastigi sjávar.




Afkoman lætur á sér standa


Enn sem komið er hefur öflug uppbygging ekki skilað sér í batnandi afkomu. Síðustu þrjú ár hefur taprekstur einkennt greinina og hefur afkoman versnað ár frá ári þrátt fyrir aukna framleiðslu.

Félögin sem samantektin nær til skiluðu samtals 17,4 milljarða króna tapi árið 2025. Uppsafnað tap síðustu þriggja ára nemur 27,8 milljörðum króna. Árið 2025 var sérlega erfitt þar sem verð á eldisafurðum lækkaði mikið og einstaka rekstraraðilar lentu í áföllum í framleiðslu.

Þróun tekna og afkomu




Þróun EBITDA



Neikvæð EBITDA 2025

Afkoma fyrirtækjanna er sveiflukennd og ber þess merki að flest fyrirtækin eru enn í uppbyggingarfasa. EBITDA hefur almennt verið jákvæð hjá stærstu fyrirtækjunum síðustu ár en árið 2025 var EBITDA neikvæð, einna helst vegna sögulegs verðhruns á heimsmarkaði fyrir eldisfisk, en einnig vegna áfalla í rekstri einstaka framleiðenda.

Við útreikning á EBITDA fyrirtækjanna er tekið tillit til gangvirðisbreytinga lífmassa og framleiðslugjalda þar sem gangvirðisbreyting er hluti rekstrarhagnaðar samkvæmt IFRS fyrir þau félög sem beita IFRS. Notast er við þessa aðferð svo EBITDA fyrirtækjanna sé samanburðarhæf.




Kröftug uppbygging undanfarin ár

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í fiskeldi á Íslandi undanfarin ár. Þau fyrirtæki sem eru til skoðunar hafa ýmist verið með starfsemi um árabil eða eru enn í uppbyggingarfasa.


Alls nam útflutningsverðmæti árið 2025 um 53,4 milljörðum króna sem var lækkun um 1% frá 2024, en útflutningsverðmæti hafa aukist um 22,5% í árlegum meðalvexti (e. CAGR) frá árinu 2015.

Síðastliðin þrjú ár hefur framleiðsla (slátruð tonn) farið ört vaxandi, með 12,3% árlegum meðalvexti (e. CAGR), í kjölfar fjárfestinga í greininni.

Líklegt verður því að telja að á komandi árum muni framleiðsla og útflutningsverðmæti vaxa ört að nýju.




Afurðir úr fiskeldi koma að megninu til frá sjóeldi, en landeldi er í þróun



Fiskeldi, bæði í sjó og á landi, er atvinnugrein sem hefur vaxið hratt á undanförnum árum og ryður sér nú til rúms á Íslandi. Sjókvíaeldi hefur hingað til verið meginstoð útflutnings fiskeldisafurða og er í dag mun lengra komið í þróun en landeldi.

Landeldi er jafnframt í örri uppbyggingu, einkum á Suður- og Suðvesturlandi. Fyrirtæki á borð við First Water og Laxey hafa hafið framleiðslu, á meðan önnur félög vinna að undirbúningi. Gera má ráð fyrir að hlutföll innan greinarinnar taki verulegum breytingum á næstu árum.



109


milljarðar

Síðastliðin fjögur ár nemur samanlögð fjárfesting fyrirtækjanna sem samantektin nær til um 109 milljörðum króna


Áframhaldandi uppbygging fiskeldisfyrirtækja

Á undanförnum árum hafa fyrirtækin ráðist í verulegar fjárfestingar og horfur eru á að svo verði áfram næstu árin. Landeldisfyrirtækin First Water, Samherji fiskeldi og Laxey eru þar fyrirferðamest enda í uppbyggingarfasa.

Eins og fram hefur komið eru mörg fyrirtæki enn í uppbyggingarfasa og hafa boðað áframhaldandi fjárfestingar. Fjárfestingar fyrirtækjanna sem fram koma í samantekt þessari jukust um 24% frá árinu 2024 til 2025, og horfur eru á að þessi uppbygging komi til með að aukast á komandi árum, enda eru mörg landeldisverkefni enn á byggingarstigi.



Eigið fé og skuldir



149


milljarðar

Efnahagur fyrirtækjanna er traustur og í árslok 2025 nam samanlagt eigið fé þeirra um 149 milljörðum króna

Öflug eiginfjárstaða skapar traustan grunn fyrir áframhaldandi uppbyggingu

Eitt af því sem hefur einkennt uppbyggingu fiskeldis á Íslandi undanfarin ár er að fjármögnun verkefna hefur verið traust. Fjárfestingar hafa að verulegu leyti verið fjármagnaðar með hlutafé, bæði frá innlendum fjárfestum sem og erlendum. Í nokkrum tilvikum hefur fjármögnun og uppbygging starfseminnar verið í samstarfi við fjárfesta með reynslu og þekkingu úr geiranum, einkum frá Noregi. Eiginfjárstaðan er því sterk þrátt fyrir að um unga atvinnugrein sé að ræða sem enn er í fjárfestingar- og uppbyggingarfasa.


Eiginfjárhlutfall



Stöðugildum hefur fjölgað um 140% á tíu árum

Á súluritinu hér að neðan má sjá fjölda stöðugilda samkvæmt ársreikningi. Almennt séð hefur fjöldi stöðugilda aukist á undanförnum árum. Kaldvík er leiðandi í fjölda stöðugilda og eru flest fyrirtækin að bæta við sig starfsfólki ár frá ári.

Þegar horft er á greinina í heild þá hefur fjöldi stöðugilda farið úr 344 árið 2015 í 827 árið 2025 eða 140% fjölgun.



Hver er niðurstaðan?



Framleiðsla eykst

Áframhaldandi aukning er í framleiðslu ásamt fjölgun stöðugilda. Sjókvíaeldi er ennþá meginstoð útflutnings fiskeldisafurða, en uppbygging í landeldi er hafin og talið er að hún geti breytt vægi og samsetningu greinarinnar á næstu árum. Slátrað magn jókst um 20% milli ára 2024 og 2025, og síðustu þrjú ár hefur framleiðsla aukist um 12,3% að meðaltali á ári. Samhliða þessum vexti hefur stöðugildum í greininni fjölgað um 140% á tíu árum, úr 344 árið 2015 í 827 árið 2025.



Verðhrun á eldisafurðum

Árið 2025 var sérlega erfitt þar sem verð á eldisafurðum lækkaði mikið og einstaka rekstraraðilar lentu í áföllum í framleiðslu. Samanlagt tap þeirra tíu fyrirtækja sem samantektin nær til nam 17,4 milljörðum króna á árinu, og EBITDA framlegð félaganna varð í fyrsta sinn í mörg ár neikvæð, samtals um 9 milljarða króna. Uppsafnað tap síðustu þriggja ára nemur nú 27,8 milljörðum króna. Þrátt fyrir þennan taprekstur er efnahagsstaða greinarinnar traust, en eigið fé félaganna nam 149 milljörðum króna í árslok 2025.



Útflutningsverðmæti

Útflutningsverðmæti námu 53,4 milljörðum króna árið 2025. Frá árinu 2015 hefur árlegur meðalvöxtur (CAGR) í útflutningsverðmætum numið 22,5%, sem sýnir þann kröftuga langtímavöxt sem greinin hefur náð þrátt fyrir sveiflukennt ár. Samhliða þessu hafa fjárfestingar aukist um 24% milli ára, og samanlögð fjárfesting síðustu fjögur ár nemur 109 milljörðum króna – sem undirstrikar að greinin er enn í sókn þrátt fyrir erfitt rekstrarár.

Örn Valdimarsson

orn.valdimarsson@pwc.com

Valgerður Valgeirsdóttir

valgerdur.valgeirsdottir@pwc.com

Anton Gunnar Ingibergsson

anton.g.ingibergsson@pwc.com

pwc.is

© 2026 PwC. Allur réttur áskilinn. PwC á Íslandi (PricewaterhouseCoopers ehf.) er aðili að alþjóðlegu neti PwC, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að PricewaterhouseCoopers International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Hvert og eitt aðildarfélaga PwC er sjálfstæður lögaðili. Sjá nánar á www.pwc.com/structure.